

Nefndasvið Alþingis - Atvinnuveganefnd

Efni: Umsögn Klak Innovit um tillögu til þingsályktunar um Hagnýtingu internetsins og réttindavernd netnotenda. Þingskjal 16 – 16. mál, 144. Löggjafarþing 2014-2015.

Klak Innovit fagnar ofangreindri þingsályktunartillögu og því að fulltrúar allra þingflokka á Alþingi eigi aðild að henni. Mjög mikilvægt er að þverpólítískur stuðningur liggja að baki aðgerðum sem stuðla eiga að hagnýtingu internetsins og réttarvernd notenda enda um sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna að ræða.

Klak Innovit tengist grasrót íslensk frumkvöðlaumhverfis sterkum böndum enda taka hundruðir frumkvöðla þátt í verkefnum fyrirtækisins á ári hverju. Mikill meirihluti þeirra sprotafyrirtækja sem Klak Innovit tengist vinna að hugmyndum sem ganga út á hagnýtingu internetsins með einhverjum hætti. Það er mat fyrirtækisins að mikilvægt sé að búa þessum fyrirtækjum eins góð skilyrði og mögulegt er til að vaxa og dafna, íslensku samfélagi til hagsbóta.

Samhliða auknum umsvifum stórra fyrirtækja sem nýta sér persónuupplýsingar notenda sinna hefur þörf fyrir aukna réttindavernd netnotenda aukist verulega.

Þó verður að stíga varlega til jarðar varðandi lagasetningu þegar kemur að Internetinu og gæta þess að nauðsynlegu frelsi þess séu ekki settar óþarfa skorður.

Fyrir hönd Klak Innovit ehf.

Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdarstjóri